

## 5. fundur í skólaráði Álfhólsskóla 8. mars 2011.

Mættir: Anna Guðný Björnsdóttir, Eiríkur Ólafsson, Kristján Óli Ingvarsson, Kristófer

Eggertsson, Marinó Már Marinósson, Rúna Björk Þorsteinsdóttir og Sigrún

Bjarnadóttir.

Magnea Einarsdóttir, Særún Sigurjónsdóttir og Össur Geirsson boðuðu forföll.

### Dagskrá:

Stefnumótun Álfhólsskóla sem halda á mánudaginn 14. mars með foreldrum og forráðamönnum nemenda skólans. Sjá viðhengi

Brynja Dís Björnsdóttir kynnti dagskrá fundarins. Um er að ræða sama pakka og kennarar og starfsfólk skólans fóru í gegnum nýlega. Þátttakendum verður skipt niður í hópa. Farið verður yfir hvað sé búið að gerast í skólanum og hvernig hafi gengið, lagðar verða fram 25 spurningar fyrir þátttakendur svo eitthvað sé nefnt.

Fram kom að engar ráðningar verða fyrir þá starfsmenn sem fara í leyfi, en í staðin á að leysa störfin innanhúss.

Skólastjóri greindi frá viðbrögðum skólans vegna notkunar Kannabisefna hjá nokkrum nemendum skólans eins og greint var frá í bréfi sem sent var til allra forráðamanna nemenda skólans nýlega. Búið er að tala við alla aðila sem koma að þessu alvarlega máli.

Sett hefur verið á laggirnar nefnd sem í sitja fulltrúar Álfhólsskóla, MK og Lindaskóla. Ennfremur fulltrúi Lögreglunnar og HK. Aðilar hjá Kópavogsbæ sem koma að skólamálu, s.s. forvarnateymi og grunnskóladeild unglíngamála, hafa einnig verið upplýstir um gang mála.

Stefnt verður að því að senda út fréttabréf vegna þessa máls. Ákveðið var að fá Magnús Stefánsson hjá MARITAS til að halda fyrirlestur fyrir nemendum og foreldra.

Fram kom að öryggisnefnd skólans er að störfum varðandi atriði er varðar úrbætur sólan.

fundaritari Marinó Már